

Nefndarsvið Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 132/1222
komudagur 9.3.2006

Umsögn um þingskjal 2006--2009, 391. mál

Gerð er athugasemd við texta og merkingu í 10. lið á bls. 13 í skjalinu.

Þar er talað um að „Menntamálaráðherra hefur skipað starfshóp til undirbúnings þekkingarseturs á Austurlandi, ...”.

Umræddur starfshópur hefur lokið störfum og skilað af sér tillögu um stofnun þekkingarnets Austurlands.

Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur með bréfi dags. 14. des. falið Fræðsluneti Austurlands að „undirbúa stofnun sjálfseignarstofnunar um þekkingarnet Austurlands.”

Þannig að það er augljós staðreyndarvilla um þetta mál í framangreindum texta í þingskjalinu.

Jafnframt má geta þess að Háskólanámssetur að Vonarlandi á Egilsstöðum hefur starfað frá hausti 2003 og er það að mati undirritaðs forveri Háskólaseturs Vestfjarða, þar sem markmið með stofnun þess var að efla menntun, atvinnu og byggð. Auk þessa hefur bæst við það markmið að efla rannsóknir og þróun á viðkomandi svæðum. Sú undirbúningsvinna sem fram fór fyrir stofnun Háskólanámsseturs á Egilsstöðum nýttist augljóslega vel við undirbúning Háskólaseturs Vestfjarða. Þannig má segja að rök fyrir setrum háskólamenntunar og á landsbyggðinni eru eldri en lesa má úr texta í 10. lið þingskjalsins.

Við ýmis tækifæri hefur það komið til umræðu að Fræðslunet Austurlands/Þekkingarnet Austurlands fái það hlutverk að kanna kosti þess að þróa slíka „stofnun”.

Lagt er til að inn í texta í 10. lið komi: „að FNA/ÞNA verði falið að kanna hagkvæmi þess að þróa Netháskóla sem hafi það að markmiði að auka námsframboð í fjarnámi á háskólastigi, efla og styrkja samstarf háskóla um fjarnám og bættu þjónustu við fjarnema á háskólastigi.”

Í lið 12 á bls. 14 er fjallað um eflingu símenntunar. Lagt er til að notað verði hugtakið; fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sbr. heiti á samtökum slíkar miðstöðva; Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Orðið „símenntunarmiðstöð” er fremur þröngt hugtak og nær alls ekki yfir alla þá starfsemi og þjónustu sem miðstöðvarnar bjóða s.s. fjarnám á háskólastigi o.fl.

Með góðri kveðju,

Emil Björnsson
framkvæmdastjóri
náms- og starfsráðgjafi

Fræðslunet Austurlands
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir